

Alþingi, nefndasvið	Reykjavík, 19. október 2015 2015010052
150 REYKJAVÍK	

**Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs, 16. mál.**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 28. september 2015, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa telur það jákvætt að skipa starfshóp til að greina hvernig sé rétt að standa að lengingu fæðingarorlofs og styrkingu leikskólastigsins þannig að þeir geti tekið við börnum strax að loknu fæðingarorlofi og verði gjaldfrjáls.

Í þessu sambandi leyfir Barnaverndarstofa sér að benda á að barnið myndar á fyrstu tveimur árum lífs síns framtengsl við foreldra sína og nánustu ættingja og þau tengsl leggja grunninn að tengslum við aðra í framtíðinni. Það er því jákvætt ef gefa á öllum börnum tækifæri til þess að vera heima og mynda góð tengsl við foreldra sína fyrstu 18 mánuði lífsins.

Að sama skapi telur Barnaverndarstofa jákvætt ef styrkja á leikskóla sveitarfélaga svo að börn geti farið beint á leikskóla að loknu fæðingarorlofi og að leiksólastigið verði fyrsta skólastig hér á landi. Barnaverndarstofa vekur í þessu sambandi athygli á að mikilvægt er að umönnun ungra barna sé unnin af fagmennsku af starfsfólki sem hefur hlotið menntun og þjálfun í þeim efnum auk þess sem sýna þarf börnunum blíðu og umhyggju.

Gera má ráð fyrir því að verulega þurfi að fjölga leikskólakennurum í leikskólum ef bæði á að fjölga börnum í skólum og efla leikskólastigið faglega. Í tillögunni er jafnframt fjallað um það að gera eigi leikskóla hér á landi gjaldfrjálsa. Svo veigamiklar breytingar á starfi og fjarmögnun leikskóla eru eflaust kostnaðarsamar og telur Barnaverndarstofa mikilvægt að fela starfshópnum jafnframt að skoða hvað slíkar breytingar myndu kosta og hvernig eigi að fjármagna þær.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst  
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir  
lögfræðingur Barnaverndarstofu